

# SKIPULAGSSKRÁ

## fyrir minningarsjóð um hjónin Rannveigu Ingimundardóttur og Sigfús Bjarnason.

### 1. gr.

Sjóðurinn heitir: Minningarsjóður hjónanna Rannveigar Ingimundardóttur og Sigfúsar Bjarnasonar.

### 2. gr.

Stofnfé sjóðs Heklu hf. til minningar um hjónin Rannveigu Ingimundardóttur og Sigfús Bjarnason nam við stofnun hans 29. desember 1986 kr. 3.000.000, þremur milljónum króna. Eigið fé sjóðsins nemur þann 13. júní 2005 kr. 42.851.102 -fjörtíuogtveimurmilljónum-áttahundraðfimmþúsundeitthundraðogtveimurkrónum- og skal það mynda höfuðstól. Höfuðstóllinn skal hækka um fjárhæðir, sem síðar kunna að berast sjóðnum.

### 3. gr.

Tilgangur sjóðsins er:

1. Að stuðla að rannsóknum á sviði hugvísinda og raunvísinda, þ.m.t. í því skyni að efla tengsl milli atvinnulífs og æðri menntunar.
2. Að hlú að menningarstarfi og listiðkun.  
Þetta skal m.a. framkvæmt með styrkveitingum, þ.m.t. námsstyrkjum, útgáfustarfsemi o.s.frv.

### 4. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af lög-giltum endurskoðanda.

### 5. gr.

Stofnfé sjóðsins er lagt fram sem bankainnstæða. Sjóðurinn skal ávaxtaður með bestu kjörum, sem hægt er að ná á hverjum tíma að mati stjórnar sjóðsins. Raunvaxtatekjum sjóðsins má verja samkvæmt 3. gr.

### 6. gr.

Styrkjum úr sjóðnum skal úthluta samkvæmt ákvörðun stjórnar hans.

### 7. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð þremur mönnum.

Í sjóðsstjórn skulu sitja bræðurnir Sverrir og Sigfús Sigfússynir. Skulu þeir jafnframt tilnefna varamann fyrir sig. Þriðji maður er oddamaður og formaður sjóðsstjórnar. Skal hann tilnefndur af þeim bræðrum og annar til vara en komist þeir ekki að samkomulagi skal óskað tilnefninga dómstjórnans við héraðsdóm Reykjavíkur.

Sjóðsstjórnin skal halda fundargerðarbók, þar sem bóka skal allar ákvarðanir stjórnarinnar varðandi sjóðinn.

Formaður sjóðsstjórnar skal árlega sinna lögboðinni tilkynningaskyldu í samræmi við fyrirsmæli laga þ.a.l., nú laga nr. 19/1988.

### 8. gr.

Kostnaður af rekstri sjóðsins greiðist af tekjum hans.

## 9. gr.

Aðalfundur skal haldinn einu sinni ári. Á aðalfundi skal oddamaður kjörinn í stjórn og endurskoðaður ársreikningur undanfarandi árs lagður fram.

Rétt til setu á aðalfundi hafa stjórnarmenn skv. 7. gr.

Að öðru leyti hittist stjórnin eftir þörfum. Stjórninni er heimilt að setja sér starfsreglur.

## 10. gr.

Skipulagsskrá þessari má breyta á aðalfundi Minningarsjóðsins en þarf þá aukinn meiri-hluta til eða 2/3 hluta stjórnar.

## 11. gr.

Skipulagsskrá þessi kemur í stað skipulagsskrár sjóðs Heklu hf. til minningar um hjónin Rannveigu Ingimundardóttur og Sigfús Bjarnason.

## 12. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari, svo og á breytingum, sem kunna að verða gerðar á henni sbr. 10. gr.

*Ákvæði til bráðabirgða.*

Breytingar þessar taka gildi frá og með 15. júlí 2005. Stjórnarmenn skv. 2. mgr. 7. gr. skulu koma saman eigi síðar en 10. júlí 2005 og tilnefna oddamann, formann sjóðsstjórnar og varamenn sína.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 15. júlí 2005.*

F. h. r.

**Hjalti Zóphóníasson.**

*Anna M. Karlsdóttir.*

**REGLUGERÐ****um breytingu á reglugerð nr. 866/2000 um aðskilnað fjarskiptaneta og kapalkerfa fyrir sjónvarp sem er í eigu sama lögaðila.**

## 1. gr.

2. mgr. 1. gr. reglugerðarinnar fellur brott.

## 2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 75. gr. laga nr. 81/2003 um fjarskipti með síðari breytingum staðfestist hér með og öðlast gildi við birtingu.

*Samgönguráðuneytinu, 15. júlí 2005.*

**Sturla Böðvarsson.**

*Ragnhildur Hjaltadóttir.*